

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 33/2013

2013/EES/49/04

frá 15. mars 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 269/2012 frá 26. mars 2012 um leyfi fyrir díkoparklóriðríhýdroxíði sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1021/2012 frá 6. nóvember 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fôðuraukefni fyrir aukategundir alifugla aðrar en endur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 67. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2012) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„68. **32012 R 0269**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 269/2012 frá 26. mars 2012 um leyfi fyrir díkoparklóriðríhýdroxíði sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 89, 27.3.2012, bls. 3).

69. **32012 R 1021**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1021/2012 frá 6. nóvember 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fôðuraukefni fyrir aukategundir alifugla aðrar en endur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 68).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 269/2012 og (ESB) nr. 1021/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjtið. ESB L 89, 27.3.2012, bls. 3.

(²) Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 68.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.